

REGLUR

um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	4% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	9% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
4. flokkur	> 3.000.000	15% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 4%, í 3. flokk skal verðfellt um 9% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 15%. Samanlögð prósentu einstakra flokka úr reglubundnum sýnatökum skulu gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af afurðastöðvaverði sem gildir á hverjum tíma.

2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 500.000	5% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
3. flokkur	> 500.000	18% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar. Ef mjólk flokkast í 2. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 5% og ef mjólk flokkast í 3. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 18%. Ef mjólk flokkast í 3. flokk vegna frumutölu þrjá mánuði í röð þá verðskerðist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 36% og ef mjólk flokkast fjóra mánuði í röð eða oftar þá verðskerðist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 54%. Verðfelling mjólkur skal reiknuð af afurðastöðvaverði sem gildir á hverjum tíma.

3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 15% af afurðastöðvaverði mjólkur. Ef um fleiri en eitt tilfelli er að ræða frá sama framleiðanda innan sama mánaðar þá verðskerðist innlegg mánaðar um 15% fyrir hvert tilfelli.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2006, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1027/2004.

Reykjavík, 16. júní 2006.

F.h. verðlagsnefndar búvöru,

Ólafur Friðriksson formaður.